

Fundargerð í Rallýráði AKÍS

Fundur haldinn 29. október 2019 að Lynghálsi 2 kl. 18.30

Mættir Ísak Guðjónsson, Þórður Ingvason, Aðalsteinn Símonarson.

Garðar Gunnarsson var forfallaður.

Formannafundur AKÍS 9. nóvember:

Ráðið á að skila skýrslu um starfið fyrir formannafund. Samþykkt að Aðalsteinn semji hana og sendi inn í samráði við fómann þess.

Formaður ráðsins, Ísak, kemst ekki á fundinn. Samþykkt að Aðalsteinn sitji fundinn fyrir hönd ráðsins.

Keppnishald á næsta ári:

Ísak er með staðfest að BÍKR hefur sótt um að halda fjórar keppnir og AÍFS eina, því verði íslandsmótið með fimm keppnum. Menn ánægðir með það.

Talsvert rætt um ýmis atriði í framkvæmd keppna, bæði á bendinar sem komu á opnum fundi 23. sept. s.l. og aðrar sem áður hafa komið inn á borð ráðsins. Var ákveðið að vinna í að útbúa gátlista fyrir keppnishaldara þar sem minnt væri á ýmis praktísk atriði sem erfitt er að koma beint inn í reglur, s.s.

- birtingu úrslita með öllum þátttakendum,
- einungis dómnefnd getur veitt undanþágur frá reglum og ákvæðum í upplýsingaskýrslum,
- lágmarks mönnunn í keppnisstjórn,
- birta mynd af útfærsum þrenginga í upplýsingaskýrslum ásamt e.t.v. refsingum fyrir að aka á,
- staðsetningu upplýsingatöflu o.fl.

Vægi keppna í íslandsmóti:

Í verkahring ráðsins er að ákvarða um hvort keppni skuli hafa meira eða minna vægi í stigagjöf til íslandsmeistara. Löng hef er fyrir því að alþjóðarallið hafi meira vægi en aðrar keppnir, rökstutt með að það sé mun lengra en hefðbundnar keppnir. Nokkuð hefur hinsvegar verið breytilegt á undanförunum árum hvert hið aukna vægi hefur verið, dæmi um allt frá 1,25 upp í 2,0.

Ákveðið var að inn í reglur verði sett eftirfarandi skilgreining á vægi keppna:

”

Lágmark km á sérleiðum	Vægi stiga
80	1
160	1,25
240	1,5

Keppnishaldari skal tilgreina áætlað vægi keppni þegar upplýsingar um hana eru birtar á keppnisdagatali AKÍS ár hvert.“

Reglubreytingar:

Non-turbo flokkurinn / AB-varahlutaflokkinn - Fara þarf yfir reglur um AB-varahlutaflokkinn, en gildistími þeirra er að renna út. Samþykkt að Ísak óski eftir við Guðna Frey, Garðar Gunnars og Halldór Vilberg að þeir fari yfir reglurnar og skili tillögum til ráðsins fyrir 10. desember.

Kostun á Non-turbo flokknum - Samningurinn við AB varahluti um nafn á þessum flokk er að renna út. Samþykkt að Ísak tali við formenn þeirra klúbba sem sótt hafa um að halda keppni á næsta ári, BÍKR og AIFS, og fái þá til að ganga í að endurnýja samninginn eða finna annan kostunaraðila.

Ofurleiðir - Menn sammála um að skerpa þurfi á ákvæðum um ofurleiðir. Samþykkt að setja í reglur að slíkar skuli vera að lágmarki 6 km að lengd og vera ein af þremur síðust séleiðum hvarrar keppni.

Endurkoma í keppni - Fordæmi eru fyrir að bílar komi nánast endursmiðaðir inn í keppni aftur eftir að hafa fallið úr leik í næsta áfanga á undan. Samþykkt að kynna sér útfærslur á þessu aðstæðum í öðrum löndum og setja sambærilegt í reglur hjá okkur þar sem kveðið verði á um að viðgerðir fari fram undir eftirliti og bílum skuli skilað inn í Park Fermé í tiltekinn tíma fyrir ræsingu í næsta áfanga.

Regluhverfi:

Á www.akis.is er skjal seim heitir „Skilyrði fyrir rallykeppni“, <http://www.akis.is/log-og-reglur/rally/skilyrði-fyrir-rallykeppnum/>. Þetta skjal er mjög á skjön við fyrirkomulag og framkvæmd keppna, s.s. um hæfnisviðmið eftirfara, tilvísanir í félög o.fl. Var samþykkt að leggja til á næsta formannafundi að þetta skjal verði endurskoðað.

Önnur mál:

- Eftirliti er ábótavant með að skoðaður öryggisbúnaður sé notaður í keppni. Ákveðið að kanna hvernig staðið er að í öðrum löndum og bæta við í reglur eða leiðbeiningar til keppnishaldara nauðsynlegum ákvæðum
- „Gesta“ aðstoðarökumenn hafa verið leyfðir við ýmis tækifæri. Fara þarf yfir heimildir í reglum fyrir þessu sem og að fyllstu öryggiskrafa sé gætt við framkvæmd.
- Erfitt er á síðu AKÍS að átta sig á hvaða reglur gilda um séralin keppnisnúmer. Í ljósi uppakoma í sumar tengdu þessu var ákveðið að óska eftir við formannafund að reglurnar yrðu skýrðar nánar.
- Fá þarf á hreint hvernig er með eignarhaldið á þeim upplýsingum sem eru inná rallytimes og helst að íþróttin eigi „forritið“ og hafi aðgang að því þegar þarf.
- Rætt var um nauðsyn þess að setja á fót nýliðaflokk til að fjölga keppendum. Ýmsar skoðanir viðraðar, s.s. að nýta reglur úr væntanlegum 1400 cc flokk í rallykrossinu, byggja á „non-turbo“ reglunum o.fl. Ákveðið að óska eftir fresti til 1. febrúar til að koma fram með reglur.
- Strangt til tekið vantar vísun í reglur fyrir flokka A og B, <http://www.akis.is/wp-content/uploads/2018/01/Listi-yfir-%C3%BE%C3%A1-flokka-sem-keppa-%C3%AD-%C3%8Dslandsmeistaru-%C3%B3tinu-%C3%AD-ralli.pdf>. Ákveðið að skoða með að vísa í erlendar reglur meðan við erum ekki búin að gera reglur á íslensku, en jafnframt að tryggja að „Proto“ bílar verði löglegir í keppni til Íslandsmeistara.

Fundi slitið kl. 20.55

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson